

Unnið að stefnumótun Norðlenska í sumar

„Norðlenska fór í gegnum umfangsmikla stefnumótunarvinnu fyrir þremur árum og í sumar munum við uppfæra þá vinnu, móta nýja framkvæmdaáætlun fyrir fyrirtækið og setja því ný markmið,“ segir Auður Finnbogadóttir, formaður stjórnar Norðlenska, en hún tók við stjórnarformennsku að loknum aðalfundi félagsins 18. mars sl. Með henni í stjórn eru Ingvi Stefánsson, bóndi í Teigi, varaformaður, Geir Árdal, bóndi í Dæli, ritari, Aðalsteinn Jónsson, bóndi í Klausturseli, meðstjórnandi og Heiðrún Jónsdóttir, lögfræðingur í Garðabæ, meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Þórarinn Ingi Pétursson, bóndi í Laufási, Gróa Jóhannsdóttir, bóndi á Hlíðarenda og Jón Benediktsson, bóndi á Auðnum.

Auður segir að á síðustu vikum hafi stjórn og stjórnendur Norðlenska fylgst vel með framvindu matvælafrumvarps-

ins á Alþingi og einnig farið sérstaklega yfir uppbyggingu fjármála fyrirtækisins vegna þess umróts sem verið hafi á fjármálamörkuðum undanfarið.

Auður er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem fjármálaráðgjafi fyrir fagjáfesta. Hún býr í Garðabæ, en fæddist og ólst upp suður með sjó, nánar tiltekið í Garði. „Mér finnst afar áhugavert að takast á við þetta verkefni með eigendum félagsins. Ekki síst er áhugavert að fá tækifæri til þess að kynna þeirri hlið sem snýr að framleiðendunum og hvernig þeir standa að sínum búrekstri. Norðlenska er í eigu stórs hóps bænda og ég lít svo á að eitt af mínum aðalverkefnum sé að efla fyrirtækið og gera það að verðmætari eign fyrir þá,“ segir Auður Finnbogadóttir.

Sumarslátrun um miðjan ágúst

Undirbúningur fyrir sumar- og haustslátrun sauðfjár á Húsavík og Höfn er í fullum gangi. Stærsta breytingin frá síðustu sláturtíð eru gagngerar endurbætur á fjárréttinni á Húsavík, eins og kemur fram annars staðar í fréttabréfinu, og er óhætt að segja að þar sé um að ræða byltingarkenndar breytingar.

Reynir Eiríksson, framleiðslustjóri, segir að reiknað sé með því að sumarslátrun verði í það minnsta í einn dag á Húsavík um miðjan ágúst og haustsláturtíð þar hefjist síðan í lok ágúst. Á Höfn verður einnig sumarslátrun um miðjan ágúst, eins mikil og bændur á starfsvæðinu óska eftir.

Töluverð söluaukning á fyrstu mánuðum ársins

Sala á framleiðsluvörum Norðlenska hefur gengið mjög vel á fyrstu mánuðum ársins og er umtalsverð söluaukning í samanburði við sömu mánuði árið 2007. „Aukningin er samkvæmt okkar áætlunum, sem miðuðu að því að ná aukinni markaðshlutdeild á kjötmarkaðnum. Það er að takast og við erum að sjálfsögðu mjög ánægð með það,“ segir Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska.

Öll mjólkurópsefni úr Goða-vörum

„Það er mikið um að vera hjá okkur. Við erum stöðugt að þróa nýjar vörur og ekki síður að bæta þær vörur sem við erum að

framleiða. Sem dæmi má nefna að vöruþróunardeildin okkar hefur um nokkra hrið unnið að því að taka öll mjólkurópsefni úr framleiðsluvörum okkar sem við seljum undir Goða-vörumerkinu. Því verkefni er nú að ljúka og við getum með stolti sagt frá því að mjólkurópsefni munu ekki finnast í Goða-vörunum, þar sem hjá því verður komist. Fyrir ákveðinn hóp neytenda er hér um gríðarlega mikilvægt mál að ræða,“ segir Ingvar.

Grillvertíðin hafin

„Í grillkjötinu leggjum við áfram áherslu á þá vörulínu sem við byrjuðum með í fyrrasumar og fólst fyrst og fremst í því að draga úr vinnslu á þurrkrydduðu kjöti en auka að sama skapi framboð á marineruðu kjöti. Þessi nýja vörulína okkar í grillkjötinu fékk mjög góðar viðtökur á markaðnum í fyrrasumar og við verðum með svipaðar áherslur í sumar. Við horfum hjartsýn til sumarsins. Síðasta sumar var mjög góð sala í grillkjöti og ég vænti þess að það sama verði uppi á teningnum í ár. Því er þó ekki að neita að veðrið hefur mikið að segja í þessum efnunum. Fólk grillar fyrst og fremst þegar veðrið er gott, svo einfalt er það. Við verðum því að vona að sumarið verði landsmönnum hagstætt,“ segir Ingvar.



Norðlenska framleiðir nýja vörulínu í ferskvöru fyrir nýja verslun Nettó á Akureyri. Hér má sjá hluta af þessari vörulínu í kæliborðinu í Nettó.



Umtalsverð aukning hefur verið í sölu á framleiðsluvörum Norðlenska á fyrstu mánuðum þessa árs í samanburði við sömu mánuði í fyrra.

Samstarf við Nettó

Ingvar segir að í tengslum við endurbætur á Nettó á Glerártorgi á dögnum hafi Norðlenska tekið upp samstarf við Nettó um framleiðslu á þeirra eigin vörulínu í ferskvöru. „Hér er um að ræða fjölbreytt úrval ferskvöru sem við göngum frá og þökkum til framsetningar í Nettó-búðinni á Glerártorgi. Ég tel að sambærileg framsetningu á ferskvöru hafi ekki sést áður í verslunum á landsbyggðinni,“ segir Ingvar Már Gíslason.

Sauðburður gekk almennt vel

- en mikið fósturlát er áhyggjuefni – rannsóknir hafnar á áhrifum rafmagns

„Sauðburður gekk ágætlega hjá okkur. Hann hófst um 25. apríl og lauk um 20. maí og hér báru um 400 kindur. Frjósemin var prýðileg, langflestar ærnar voru tvílembdar og raunar 40-50 þrílembdar, 12-15% af lambánnum eru að jafnaði þrílembdar hjá okkur,“ segir Örn Bergsson á Hofi í Öraefum. „Tíðarfarið hefur verið gott hjá okkur meðan á sauðburði hefur staðið, óvenjulega gott myndi ég segja. Hins vegar er hreinlega farið að vanta hér vætu,“ segir Örn.

„Sauðburðurinn gekk alveg bærilega hjá okkur. Eins og gengur er þetta eilítið misjafnt milli bæja. Veðrið hefur verið okkur mjög hagstætt síðari hluta maímánaðar, ég man vart eftir annarri eins tíð á þessum árstíma,“ segir Aðalsteinn Jónsson, bóndi í Klausturseli á Jökuldal og stjórnarmaður í Norðlenska. Í Klausturseli komu rösklega átta hundruð lömb í heiminn á þessu vori. Sauðburði var þar lokið með fyrra fallinu, enda horfir Aðalsteinn til þess að slátra drjúgum hluta dilkanna í sumarslátruninni í ágúst. „Við höfum verið að slátra um 60% af okkar lömbum í sumarslátrun og það kemur mjög vel út,“ segir Aðalsteinn. Frjósemin er mikil í Klausturseli. Á bilinu 60 til 70 ær voru þrílembdar í vor, 9 voru fjórlembdar og 1 var fimblembd. Athyglisvert er að allir fimblembingarnir lifa.

„Ég held að megi segja að sauðburður hér hafi gengið ágætlega og frjósemin hefur verið góð,“ segir Gísli Halldór Magnússon á Ytri-Ásum í Skaftárhreppi. „Í fyrrihluta maí var leiðinda austanátt ríkjandi hér, en síðan hefur veðrið verið mjög gott og okkur hagstætt. Að óbreyttu gæti ég farið að slá hér viku af júní. Eg vil byrja slátt á sunnudegi og ætli að 8. júní verði þá ekki fyrir valinu,“ sagði Gísli Halldór, en á bilinu 4-500 fjár eru á fóðrum á Ytri-Ásum.

„Sauðburðurinn hefur almennt gengið vel. Veðrið hefur leikið við okkur síðari hluta maí og það hefur að sjálfsögðu létt



Almennt gekk sauðburður nokkuð vel á starfssvæði Norðlenska, enda tíðarfarar síðari hluta maímánaðar einstaklega gott.

okkur lífið. Ég man vart eftir slíkri veðurbliðu í sauðburðinum,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson, bóndi í Laufási við Eyjafjörð og varamaður í stjórn Norðlenska.

Tengist fósturlát rafmagni?

„Hins vegar er ívið minni frjósemi hjá mér núna en í fyrra en það alvarlega er fósturlát í fjölda gemlinga hjá mér,“ segir Þórarinn Ingi, en fósturtalning á nokkrum sauðfjárþúum í vetur leiddi í ljós óvenju mikið fósturlát og er tjón margra bænda verulegt. Búið er að rannsaka blóðsýni úr ánum, en þau hafa ekkert óvenjulegt leitt í ljós. Böndin berast nú að því að rafmagnsbylgjur kunni að vera þarna orsakavaldur og hafa fulltrúar frá fyrirtækinu Orkutækni nú þegar farið á nokkra bæi, þar sem mikið hefur verið um fósturlát, og gert ítarlegar mælingar. Þórarinn Ingi segir að fimm sauðfjárþændur á Norðurlandi, þar á meðal í Laufási, hafi farið út í rannsóknaverkefni þar sem leitast verður við að fá úr því skorið hvort og þá hvernig rafmagnsbylgjur geti orsakað svo gríðarlegt fósturlát. Þórarinn segir að hér sé um stórmál að ræða og því verði að fá úr þessu skorið og jafnframt hvernig megi bregðast við. Tjónið


sem bændur séu að verða fyrir og hafi örugglega orðið fyrir af þessum völdum til fjölda ára, án þess að nokkur hafi áttað sig á því, sé gríðarlegt. „Út frá fyrirliggjandi upplýsingum úr fósturtalningu um fósturlát í lambám á nokkrum bæjum hefur verið skotið á að á landinu öllu kunni fósturlát að nema um 27 þúsund lömbum á ári,“ segir Þórarinn, en í Laufási hefur borið á fósturláti síðustu þrjú ár, frá því að byggt var við fjárhúsin (stálgrindahús), og það merkilega er að einungis ber á þessu í gemlingum sem eru í einu hólfi í húsinu. Í ár hafa þar hátt í 60 gemlingar látið. „Sú staðreynd að þetta kemur upp á ákveðnum stað í fjárhúsinu hefur beint augum okkar að því að orsakavaldurinn sé einhver sem við höfum ekki áður leitt hugann að. Í kjölfarið á þessum mælingum munum við fara í ákveðnar breytingar varðandi rafmagnið fyrir næsta vetur. Það verður mjög áhugavert að sjá hver útkoman verður síðan næsta vetur,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson og bætir við að þess séu dæmi frá öðrum bæjum að mörg fullsköpuð lömb séu að drepast skömmu eftir burð, eitthvað sem sé engin skýring á.

Ný fjárrétt á Húsavík

Í vetur hefur verið unnið að því að endurnýja fjárréttina í sláturhúsi Norðlenska á Húsavík. Gamla réttin, sem var frá 1971 og hefur dugað mjög vel, var rifin niður og nýrri rétt komið fyrir í þessu sama rými.

Sigmundur Hreiðarsson, vinnslustjóri á Húsavík, segir að nýja réttin samanstandi af einingum sem komu frá fyrirtæki í Bretlandi. Á tveimur vikum, skömmu fyrir páska, unnu starfsmenn frá breska framleiðandanum að því að setja einingarnar saman. Réttin er hólfuð niður með járneiningum og gólfgrindur eru úr plasti.

Verkinu er að stærstum hluta lokið,



Séð yfir hina nýju fjárrétt í Norðlenska á Húsavík.

en eftir er að ganga frá rampi úr fjárlutningabilunum og inn í réttina. Það verður gert í júlí. Auk sjálftrar réttarinnar hefur aðstaða fyrir fjáreigendur verið gjörbætt og því eru breytingarnar í það heila bylt-ingarkenndar. „Ég er mjög ánægður hvernig til hefur tekist. Þetta er stórglæsilegt og þeir sem hafa séð þessa nýju aðstöðu eru mjög ánægðir með útkomuna,“ segir Sigmundur Hreiðarsson, en þess má geta að 30. maí sl. bauð Norðlenska starfsfólki fyrirtækisins á Húsavík og iðnaðarmönnum sem hafa lagt hönd á plóg til samkomu þar sem góðu verki við endurbyggingu fjárréttarinnar var fagnað.

Góður rekstur á árinu 2007

Norðenska var rekið með 505,8 milljóna króna hagnaði árið 2007 samanborið við 18,6 milljóna króna hagnað árið 2006.

Í árslok 2007 námu eignir Norðenska 2.183 milljónum króna, bókfært eigið fé var 405 milljónir og hafði hækkað um 38 milljónir milli ára og eiginfjárlutfall var 19%. Ársvelta Norðenska á árinu 2007 var 3.182 milljónir króna og var félagið stærsti sláturleyfishafi landsins árið 2007, heildarslátrun á árinu nam 3.732 tonnum.

Hagnaður ársins 2007 fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA) var 735 milljónir króna samanborið við 268,7 milljónir króna árið 2006. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsgjalda var hagnaður af rekstri félagsins, sem fyrr segir, 505,8 milljónir króna. Þar af var hagnaður af sölu fasteigna 455,8 milljónir.

Veltufé frá rekstri var 274,7 milljónir árið 2007 samanborið við 271,1 milljón króna árið 2006.

Vörusala á innanlandsmarkaði nam 3.116 milljónum og jókst um 224 milljónir

NORÐLENSKA

króna milli ára. Hins vegar dróst útflutningur saman milli ára sem nemur 32 milljónum króna.

Hjá Norðenska voru 189 ársstörf - á Akureyri, Húsavík, Höfn og í Reykjavík. Launagreiðslur á árinu 2007 - laun og launatengd gjöld - námu um 700 milljónum króna og jukust um tæplega 50 milljónir milli ára. Norðenska er þriðja veltumesta fyrirtæki á Norðausturlandi í dag og jafnframt er það eitt stærsta fyrirtæki landsins sem er alfarið í eigu bænda.

Á síðasta ári var slátrað um 14.500 svinum og um 3.600 nautgripum á Akureyri. Á sl. hausti var slátrað 81.500 dilkum á Húsavík og 33.300 dilkum á Höfn.

Góð afkoma Norðenska á árinu 2007

gerði Búsæld kleift að greiða félagsmönnum sínum arð að upphæð 400 milljónir króna og var sá arður nýttur til kaupa Búsældar á öllum hlutabréfum í Norðenska í desember sl., eins og komið hefur fram. Þar með hefur Búsæld eignast Norðenska að fullu og haldur bændur í félaginu nú á miklum verðmætum, einu stærsta félagi sinnar tegundar á landinu.

„Árið 2007 var hagfelld í rekstri Norðenska og er rekstrarniðurstaðan betri en áætlanir okkar gerðu ráð fyrir. Góð samvinna var milli okkar starfsfólks og innleggjenda, sem flestir eru í Búsæld. Við höfðum góðan aðgang að hráefni og sala okkar afurða gekk mjög vel. Þá áttum við mjög gott samstarf við okkar stærstu viðskiptavinum. Í það heila gekk því bæði framleiðsla og sala afurða vel á síðasta ári. Á innanlandsmarkaði varð veruleg aukning á sölu okkar framleiðsluvara, einkum á síðari hluta ársins,“ segir Sigmundur E. Ófeigsson, framkvæmdastjóri Norðenska.

Við erum í sókn á markaðnum

- segir Friðjón Edvardsson, sölustjóri Norðenska

„Ég byrjaði að vinna sem afgreiðslumaður í búð á Akranesi árið 1966 og síðan hef ég verið í þessum bransa. Ég var um tíma verslunarstjóri hjá Sláturfélaginu og síðar sölumaður og sölustjóri hjá Goða. Við kaup Norðenska á Goða-vörumerkinu fór ég að starfa að sölumálum hjá Norðenska og hef verið hér síðan, fyrst sem sölumaður og síðar sölustjóri,“ segir Friðjón Edvardsson, sölustjóri Norðenska.

Þjónustuvænt fyrirtæki

„Í þessu starfi felst í stórum dráttum að bera ábyrgð á þeirri vöru sem fer frá okkur í Norðenska til viðskiptavinanna og sjá til þess að vörurnar okkar séu alltaf til í þeim verslunum um allt land sem eru að selja þær. Ég og okkar sölumenn eru í mjög nánú sambandi við stjórnendur verslana, marga þeirra oft á dag. Ég hef oft lýst þessu starfi sem tuttu og fjögurra stunda starfi 365 daga á ári,“ segir Friðjón og bætir við að sölustarf nú til dags sé á margan hátt mjög frábrugðið því sem það var fyrir fáum árum. „Þetta er að sjálfsögðu allt miklu tæknivæddara en hér á árum áður og það er stóra breytingin. Að mínu mati höfum við byggt upp gríðarlega gott og skilvirkt sölukerfi hjá Norðenska og ég tel að fyrirtækið sé orðið afar þjónustuvænt. Við verðum fljótt og örugglega við óskum viðskiptavinanna. Ég get nefnt í þessu sambandi að vörur frá okkur sem pantaðar eru klukkan tvö í dag eru komnar í viðkomandi verslun klukkan átta í fyrramálið. Við leggjum áherslu á að bregðast fljótt og vel við óskum okkar viðskiptavina,“ segir Friðjón



Friðjón Edvardsson, sölustjóri Norðenska, í dagsins önn.

Ferskvaran sækir á

„Það er engin spurning í mínum huga að vörurnar okkar njóta vaxandi vinsælda á markaðnum. Það finnum við sem vinnum að sölumálunum mjög greinilega. Neytendur eru mun kröfuharðari í dag en áður fyrr og þeir eru jafnframt upplýstari. Ferskvaran nýtur vaxandi vinsælda

og neytendur vilja alltaf geta gengið að henni, enda er það svo að tíminn sem fólk hefur til þess að elda matinn er alltaf að verða knappari. Okkur hjá Norðenska hefur að mínu mati tekist ágætlega að koma til móts við þessar þarfir fólks. Þróunin er í þá átt að neytendur vilja í auknum mæli fá tilbúna rétti. Ungir neytendur þekkjá lítið til frosinna matvæla. Þeir hafa alist upp við ferskvöru og þróunin verður án nokkurs vafa áfram í þessa átt,“ segir Friðjón og bætir við að framleiðsluvörur Norðenska hafi sterka gæðamynd, sem sé ávöxtur hárar gæðastaðla sem fyrirtækið vinnir eftir.

Líflegt starf

Starf sölustjóra Norðenska er í senn erilsamt og líflegt. „Ég hef gríðarlega gaman af þessu starfi, þetta er mitt líf og yndi. Stór hluti af starfinu er að vera í nánum tengslum

við fólk út um allt land og það þykir mér skemmtilegt. Ég tel að við séum í sókn á markaðnum. Við leggjum okkur fram um að sinna okkar viðskiptavinum sem best og ég finn að markaðurinn kann vel að meta þá þjónustu sem við erum að veita,“ segir Friðjón Edvardsson.

Harðorð ályktun aðalfundar Búsældar gegn matvælafrumvarpinu:

Myndi leiða til alvarlegrar röskunar í íslenskum landbúnaði

Á aðalfundi Búsældar ehf. á Skjöldólfsstöðum á Jökuldal 19. apríl sl. var samþykkt harðorð ályktun þar sem matvælafrumvarpinu svokallaða, sem Alþingi hefur nú samþykkt að fresta afgreiðslu á til haustsins, er mótmælt.

Í aðalfundarsamþykktinni segir að samþykkt þessa frumvarps muni leiða til mikillar og alvarlegrar röskunar á innlendri landbúnaðarframleiðslu með ófyrirséðum afleiðingum fyrir atvinnulífið í landinu. Um sé að ræða enn eina stjórnvaldsaðgerð á skömmum tíma, sem breyti á róttækan hátt rekstrar- og markaðsumhverfi innleðrar landbúnaðarframleiðslu til hins verra. „Helstu aðgerðir aðrar af þessu tagi eru mikil lækking innflutningstolla í ársbyrjun 2007 og væntanlegt brottfall útflutningsskyldu á kindakjöti. Þegar þessar aðgerðir bætast við skyndilegar og stórfelldar hækkanir á aðföngum til landbúnaðar og vöxtum má augljóst vera að mikið hættuástand er að skapast.“



Úr vinnslusal Norðlenska á Húsavík.

Einnig er bent á í ályktuninni að heilbrigðisástand íslenskra dýrastofna sé einstætt og sýkingar af völdum innleðra matvæla næstum óþekktar, enda sé eftirlit með framleiðslu þeirra strangt. Fjöldmargir sjúkdómsvaldar er geti skaðað bæði menn og dýr eigi auðvelt með að

berast til landsins með hráum, ófrystum kjötvörum og sé heilsufari manna og dýra þess vegna umtalsverð hættu búið með óheftum innflutningi kjötvara.

Bent er á að matvælaeðgerð Evrópusambandsins og öll fylgigögn hennar séu löguð að miklu lakara heilbrigðisástandi búfjár og mun tíðari sýkingum í mönnum frá afurðum þess en þekktist hér á landi. Í lok aðalfundarsamþykktar Búsældar segir að innleiðing matvælaeðgerðarinnar til fulls eða að hluta án þess að hafa áður greint að fullu bæði jákvæð og neikvæð áhrif og skipulagt nauðsynlegar aðgerðir til varnar góðu núverandi heilbrigðisástandi væri því skref í öfuga átt.

Aðal- og varamenn í stjórn Búsældar

Á aðalfundinum á Skjöldólfsstöðum 19. apríl sl. voru kjörnir aðalmenn í stjórn Búsældar þeir Aðalsteinn Jónsson, Klausturseli, Geir Árdal, Dæli í Fnjóskadal, Ingvi Stefánsson, Teigi, Jón Benediktsson, Auðnum og Óskar Gunnarsson, Dæli í Svarfaðardal. Varamenn voru kjörnir Þórarinn Ingi Pétursson, Laufási, Sigbjörn Snæbjörnsson, Gilsárteigi, Gróa Jóhannsdóttir, Hlíðarenda og Þorsteinn Sigjónsson, Bjarnarnesi.

Jón Benediktsson er formaður stjórnar, Ingvi Stefánsson varaformaður, Geir Árdal ritari og Aðalsteinn Jónsson og Óskar Gunnarsson meðstjórnendur.

Rekstur ársins 2007

Í ársreikningi fyrir árið 2007 kemur fram að Búsæld hagnaðist um rúmar 76 milljónir króna á árinu. Eignir félagsins í árslok 2007 námu um 423 milljónum króna og eigið fé nam röskum 168 milljónum króna.

Vert er að geta þess að í febrúar sl. efndu Búsæld og Norðlenska til sjö funda með hluthöfum Búsældar og fleirum. Af hálfu Búsældar tóku þeir Jón Benediktsson og Ingvi Stefánsson þátt í fundunum en Sigmundur E. Ófeigsson og Reynir Eiríksson af hálfu

Norðlenska. Fundirnir voru haldnir á Hellu, Kirkjubæjarklaustri, Mánagarði, Staðarborg, Egilsstöðum, Ýdölum og Sveinbjarnargerði.

Á þessum fundum voru kynntar rekstrarniðurstöður liðins árs og horfur fyrir yfirstandandi ár. Einnig var rætt um stöðuna á kjötmarkaði og síðast en ekki síst kaup Búsældar á Norðlenska. Almenn kom fram ánægja fundargesta með hvernig til hefði tekist með þessi kaup.

Niðurstaða hlutafjárútbóðs

Á aðalfundi Búsældar á Skjöldólfsstöðum var ítarlega rætt um kaup félagsins undir lok síðasta árs á öllum hlutabréfum í Norðlenska og kom fram í máli stjórnarformanns að í þeirri vinnu hefði stjórn félagsins haft að leiðarljósi að ná fram sem bestri niðurstöðu fyrir félagið og hluthafa þess og teldi stjórnin að það hafi tekist nokkuð vel.

Í kjölfar á kaupum Búsældar á hlutabréfunum í Norðlenska í desember sl. var efnt til hlutafjárútbóðs meðal Búsældarfélaga og stóð það frá 26. mars til 23. apríl sl. Í útböðinu stóð hluthöfum

til boða að skrá sig fyrir nýjum hlutum að nafnverði kr. 150.000.000 í hlutfalli við hlutafjareign sína í félaginu. Hluthöfum var einnig boðið að skrá sig fyrir auknum hlut ef aðrir hluthafar notuðu ekki áskriftarrétt sinn að fullu.

Alls tóku 103 hluthafar félagsins þátt í útböðinu og þar af skráðu 21 sig fyrir auknum hlut. Samtals skráðu hluthafar félagsins sig fyrir hlutum að fjárhæð kr. 37.844.272, sem nemur alls 20,2% af heildarhlutafé félagsins eftir að hlutir hafa verið greiddir.

Hluthöfum sem skráðu sig fyrir

hlutafé mun á næstunni berast greiðsluseðlar vegna 50% hlutafjarkaupanna með gjalddaga 1. júlí 2008 í samræmi við skilmála hlutafjárútbóðsins.

„Við töldum okkur vita að þær gríðarlegu hækkanir sem hafa orðið að undanfögnu á aðföngum til landbúnaðar myndu draga úr þátttöku hluthafa í Búsæld í aukningu hlutafjár. Engu að síður tel ég að við getum verið sáttir við niðurstöðu hlutafjárútbóðsins, miðað við aðstæður og erfiðari forsendur en ætlað var í desember sl. þegar hlutafjaraukningin var ákveðin,“ segir Jón Benediktsson.